

# Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

## Fundur – 28. júní 2011

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 28. júní 2011, kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórður Pálsson.

### Dagskrá:

#### Dagskrárliður 1

Lóðaumsókn frá SAH afurðum um lóðina Hafnarbraut 4, stærð 6417m<sup>2</sup>. Lóðin er atvinnulóð. Deiliskipulag var samþykkt af Skipulagsstjóra ríkisins 25. maí 1996, lóðin er í óútvísuðu landi Blönduósbæjar. SAH afurðir ætla að nota lóðina sem gámaplan. Fyrirhugað er að steypa undirstöðuveggi undir gámanna.

**Afgreiðsla: Nefndin setur sig ekki upp á móti erindinu og vísar því til bæjarráðs. En samþykkir framkvæmdirnar fyrir sitt leiti.**

#### Dagskrárliður 2

Byggingarnefnd Blönduósbæjar

Fyrir hönd 22H2 ehf kt 510895-2159 óska ég undirritaður eftir því að fá að staðsetja 2 gáma, sem standa rétt við fjárhúsin á Miðgili, á nýjum stað.

Meðfylgjandi afstöðumynd sýnir hvernig ég vil fá að staðsetja gámana sem standa núna sunnan fjárhúsanna en hér fylgir lýsing á því hvernig ég hef hugsað mér framkvæmdina.

Annar gámurinn er 20 fet en hinn 40 fet

Hurðir gámanna myndu snúa til suðurs. .

Undir gámana myndi ég steypa sökkulveggi 30 – 50 cm háa og þegar búið yrði að setja gámana ofan á veggina myndi ég festa gámana með jánfestingum sem ganga inn í gámalásafestingarnar og liggja niður á vegginn og festar þar með múrboltum, þannig yrðu gámarnir fastir en engu að síður væri fljótlegt að fjarlægja festingarnar ef gámarnir yrðu fjarlægðir síðar.

Ég hef hugsað mér að fá gröfu og fjarlægja efni austan (ofan) við húsin og norðan þeirra og setja mól í staðinn þannig að undirlag sökkulveggjanna yrði stöðugt.

Milli 20 feta gámsins og fjárhúsanna myndi verða til 1 m breiður gangur sem notast myndi sem rekstrargangur fyrir fé en ég myndi setja upp hurður eða opnanlega fleka á endum gangsins til að mynda skjól fyrir vindi.

40 feta gámurinn myndi ná nokkuð norður fyrir fjárhúsin en norðan við þau hef ég hugsað mér að setja litla rétt sem myndi þá að nokkru leyti loka á að gámurinn sjáist en einnig má mála hann svo lítið bæri á honum.

Ástæður þess að ég óska eftir að fá að gera þetta eru þær helstar að mig vantar aðstöðu til að geyma inni nokkrar rúllur 3 – 4 og geta leyst úr þeim til gjafa en það yrðu notin á 20 feta gámnum en 40 feta gáminn hef ég hugsað mér að nota á sauðburði, bæði undir fé og einnig til að mynda skjól við húsin en notin af gámunum eru mér takmörkuð í dag til þeirra hluta vegna fjarlægðar við húsin, þótt hún sé ekki mikil.

Virðingarfyllst f.h. 22H2

Steingrímur Kristinsson

**Afgreiðsla: Erindinu er hafnað.**

### **Dagskrárliður 3**

Njáll Runólfsson og Ásta Þórisdóttir Hlíðarbraut 19 óska eftir leyfi til að breyta framhlið bílskúrs hússins með því að skipta um hurðir, taka 2 stórar í burtu og setja eina stóra ásamt gönguhurð samkv. meðfylgjandi teikningu.

**Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.**

### **Dagskrárliður 4**

#### **(Endurskoðun frá síðasta fundi)**

Ágúst Sigurðsson kt. 050545-2969 Geitaskarði, óskar eftir leyfi fyrir að rífa eftirtaldar byggingar: Matshluti 04; fjós 185 m<sup>2</sup>, matshluti 09; hlaða 158 m<sup>2</sup>, matshluti 10; hlaða 206 m<sup>2</sup>, matshluti 12; votheysturn 0 m<sup>2</sup>, matshluti 15; haughús 137,6 m<sup>2</sup>, matshluti 16; mjólkurhús/fóðurgeymsla 137,6m<sup>2</sup>, matshluti 17; blásarahús/súgþurrkun 7m<sup>2</sup>, matshluti 20; rafstöð/stífla 6,4m<sup>2</sup>.

**Afgreiðsla: Vegna nýrra gagna í málinu frá bæjarlögmanni samþykkir nefndin niðurrif á húsum þessum sem um ræðir, með fyrirvara um umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.**

### **Dagskrárliður 5**

Lárus B. Jónsson f.h. Blöndu ehf., óskar eftir stöðuleyfi fyrir 3 íbúðagáma á svæði Glaðheima þar sem þeir standa nú. Ég er í framkvæmdum á svæðinu og lít svo á að þeir séu þar vegna byggingarframkvæmda. Einnig hef ég hugsað mér að reisa að minnsta kosti 1 hús í viðbót. Ekki er lokið við framkvæmdum á 3 húsum.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir stöðuleyfi fyrir gámana til 15. júlí 2012. Þeir skuli þá fjarlægðir og leyfið verður ekki framlengt.**

### **Dagskrárliður 6**

Lárus B. Jónsson f.h. Blöndu ehf., sækir um lóðina Brautarhvammur 30, Blönduósi fyrir 160m<sup>2</sup> hús. Eins og ég hef áður sótt um er húsið ætlað sem gístaðstaða og fyrir skylda starfsemi.

**Afgreiðsla: Nefndin setur sig ekki upp á móti erindinu og vísar því til bæjarráðs.**

### **Dagskrárliður 7**

Guðmundur Arnar Sigurjónsson eigandi af fasteigninni Skúlabraut 4, óska eftir að fá að setja sólpall við suðurhlið hússins Skúlabraut 4. Sólþallurinn verður ca. 50m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá lóðamörkum verður hvergi minni en 2m og hæð á handriði ekki yfir 1,8m. Aflað verður samþykkis nágranna sem verður lagt inn innan fárra daga ásamt grunnmynd af pallinum.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að gögn berist.**

### **Dagskrárliður 8**

Stefán Guðmundur Pálsson eigandi af fasteigninni Brekkubyggð 16, sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á bílskúr um 12,8m<sup>2</sup>, endurnýjun á bílskúrþaki í samræmi við teikningu, smáhýsi 13,1m<sup>2</sup> (gróðurhús) og sólpalli 39m<sup>2</sup> eins og teikning sýnir. Bílskúrar fasteignanna Brekkubyggð 16- 18 eru sambyggðir.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið.**

### **Dagskrárliður 9**

Aðalheiður Lilja Magnúsdóttir eigandi af fasteigninni Brekkubýggð 18 sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á bílskúr um 11,1m<sup>2</sup> og endurnýjun á bílskúrþaki í samræmi við teikningu. Bílskúrar fasteignanna Brekkubýggð 16- 18 eru sambyggðir.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið.**

### **Dagskrárliður 10**

Björn Þór Kristjánsson f.h. Blöndubýggðar ehf. óskar eftir byggingarleyfi fyrir breytingum á efri hæð fasteignarinnar Norðurlandsvegur 4 í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að veggklæðningar, flóttaleiðir og aðrar brunavarnir séu samkvæmt byggingareglugerð. Nefndin er ósátt við að framkvæmdin sé komin svo langt án þess að búið sé að sækja um byggingarleyfi.**

### **Dagskrárliður 11**

Björn Þór Kristjánsson f.h. Blöndubýggðar ehf. óskar eftir leyfi fyrir auglýsingaskilti á vesturgafli hússins að Norðurlandsvegur 4 annars vegar og skilti á umferðareyju vestan við húsið sjá meðfylgjandi mynd.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir skiltið á vesturgafli hússins. En frestar afgreiðslu á skiltinu á umferðareyjunni meðan aflað er gagna.**

### **Dagskrárliður 12**

Ég undirritaður Zophonías Ari Lárusson, kt.011075-6069 sækir hér með um að reisa 12 m<sup>2</sup> garðhús á baklóð við húseign mína að Hlíðarbraut 7 á Blönduósi.

**Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að gögn berist.**

Þórður Pálsson (sign)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)

Valgerður S. Gísladóttir (sign)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign)

Stefán Árnason, byggingafulltrúi (sign)

Hilmar A. Frímannsson, slökkviliðsstjóri (sign)

Þórdís Erla Björnsdóttir(sign)